



Alþýðusamband Íslands

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 4. Nóv 2022  
Tilvísun: 202210-0223

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, 572. mál**

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum.

Alþýðusambandið hefur áður veitt umsögn um málið og vísar til þeirrar umsagnar.<sup>1</sup> Í meginatriðum telur ASÍ að með frumvarpinu séu stigin löngu tímabær, en einungis fyrstu skref til úrbóta á leigumarkaði. Skráningaskylda leigusamninga er mikilvægt skref til að fá nauðsynlega yfirsýn yfir þróun leiguverðs á markaði og styðja við frekari stefnumótun í húsnæðismálum. Þau gögn sem stuðst er við í dag og byggja á þinglýstum samningum gefa ekki nægilega skýra mynd af þróun leiguverðs. ASÍ hvetur til þess að málið nái fram að ganga.

f.h Alþýðusambands Íslands

Róbert Farestveit  
Sviðsstjóri stefnumótunar og greininga

---

<sup>1</sup> Sjá <https://www.althingi.is/alttext/erindi/152/152-3474.pdf>